

Kirkjuþing 2022-2023

50. mál - þskj. 70

TILLAGA

til að þingsályktunar um innri endurskoðun stjórnarheilda íslensku Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Krístrínu Heimisdóttur.

Frsm. Krístrún Heimisdóttir.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að Þjóðkirkjan hefji skipulega innri endurskoðun hið fyrsta og fylgi við innleiðingu þess fyrirkomulags þeim viðmiðum í framkvæmd sem best þykja í innri endurskoðun hjá skipulagsheildum.

Greinargerð.

Lagt er til Þjóðkirkjan hefji skipulega innri endurskoðun hið fyrsta og fylgi við innleiðingu þess fyrirkomulags þeim viðmiðum í framkvæmd sem best þykja í innri endurskoðun hjá skipulagsheildum.

Margar opinberar stofnanir hafa innri endurskoðanda og má nefna Háskóla Íslands og Seðlabanka Íslands sem dæmi þarna um.

Þjóðkirkjan missti hina hefðbundnu stoð sem var Ríkisendurskoðun, en þær breytingar hafa ekki verið útfærðar með fullnægjandi hætti og skildu kirkjuna eftir án þess að nýr gegnheill grundvöllur lægi fyrir. Á nýliðnu Kirkjuþingi og nú um stundir veldur viss óskýrleiki um reglur sjálfs rekstrarins, og óskýrleiki um umboð, framkvæmd umboða sem veitt eru nefndum sem kirkjuþing kýs til og skipar, umtalsverðum vandkvæðum. Þessa dragbíta verður hin virðulega stofnun að losa sig undan, með því að sætta ágreining.

Innri endurskoðanda yrði falið að meta hlutlaust hvernig verkefnum og stjórn kirkjunnar vindur fram og gefa skýrslu til Kirkjuþings reglulega. Innri endurskoðandi er viðbót við fjárhagslega endurskoðun sem verður að sækja til endurskoðunarfyrtækja eftir að Ríkisendurskoðun rauf tengslin.

Með hæfilegri samstillingu þessara aðila mun biskup, kirkjuþing og þeir sem annast framkvæmdastjórn í rekstrarheildum Þjóðkirkjunnar hafa full efni til að stýra rekstri á gegnsæjan og traustan hátt, með ráðdeild og góðri meðferð fjár.